

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 232/2015

2017/EES/19/36

frá 25. september 2015

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/245 frá 16. febrúar 2015 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skrána fyrir 2016 yfir aukamarkbreytur varðandi aðgang að þjónustu ⁽¹⁾.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18id (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 112/2013) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„18ie. **32015 R 0245**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/245 frá 16. febrúar 2015 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skrána fyrir 2016 yfir aukamarkbreytur varðandi aðgang að þjónustu (Stjtið. ESB L 41, 17.2.2015, bls. 11).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2015/245, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ingrid Schulerud

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 41, 17.2.2015, bls. 11.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.